

Eigum að vera stolt af sjávarútveginum

nóvember 21, 2013

Eigum að vera stolt af sjávarútveginum

„Það er merkileg þversögn í því fólgin að á sama tíma og alþjóða samfélagið lítur með aðdáun til árangurs Íslendinga á sviði sjávarútvegs, erum við hér heima upptekin við það, nánast alfarið, að efna til deilna, átaka, tortryggni, sundrungar og gagnrýni um þennan sama vettvang. Hefur alþjóða samfélagið rangt fyrir sér.“ Þetta sagði forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, við setningu Sjávarútvegsráðstefnunnar í morgun. Hann lagði áherslu á þann góða árangur sem náðst hefði í sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar á undanförunum áratugum og nauðsyn þess að sátt skapaðist um sjávarútvegin. „Við eigum að vera stolt af sjávarútveginum,“ sagði forsetinn.

Ræða hans fer hér á eftir í uppritun kvotinn.is

„Kofi Annan er eins og við vitum öll einn af fremstu forystumönnum á alþjóðlegum vettvangi á síðustu áratugum. Hann gegndi framkvæmdastjórástöðu Sameinuðu þjóðanna í 10 ár á þann hátt að allir luku lofsorði á þann árangur og framgöngu. Hann hlaut friðarverðlaun Nobels og hefur á undanförunum árum notið virðingar og áhrifa sem ekki er algengt um menn sem gengt hafa slíkum störfum og þurft að taka á mörgum erfiðum málum. Þegar hann hvarf frá hinu mikla embætti á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ákvað hann að helga krafta sína það sem eftir var ævinnar heimaslóðum sínum í Afríku. Að rétta hjálparhönd því fólki sem byggir þessa stóru og víðáttumiklu álflu og hefur glímt við fátækt og erfiðleika þrátt fyrir að búa að auðugum auðlindum á fjölmörgum sviðum. Hann hefur stofnað sérstaka aðgerðarsveit og samráðsvettvang sem ætlað er að safna í sarp hinum bestu tillögum og ráðleggingum um það hvernig Afríka getur nýtt sér þær auðlindir sem hún býr yfir. Eftir fáeina daga verður haldinn í Genf samstarfsvettvangur þeirrar sveitar sem Kofi Annan hefur kallað til starfa á þessu sviði. Hann hringdi í mig fyrir nokkrum vikum síðan og óskaði eftir því að kunnáttumaður, áhrifamaður eða sérfræðingur í íslenskum sjávarútvegi tæki sæti við þetta borð um framtíð Afríku vegna þess að Íslendingar skæru sig úr öðrum þjóðum hvað það snertir að hafa náð slíkum árangri í varðveislu auðlinda sjávar og nýta þær þjóðinni til hagsbóta á grundvelli arðsemi og framfara og mikilvægt væri að þjóðir Afríku ættu kost á því að ganga í þennan reynslusjóð Íslendinga. Eftir fáeina daga mun Jóhann Sigurjónsson (forstjóri Hafró) halda til Genfar til þess að setjast við þetta borð.

Við vitum öll að fyrir allnokkrum árum síðan tók Háskóli Sameinuðu þjóðanna þá ákvörðun að að setja á laggirnar sjávarútvegsskóla hér á Íslandi. Þá deild þessarar miklu alþjóðlegu fræðastofnunar sem helguð væri sjávarútvegi vegna þess að háskóli Sameinuðu þjóðanna er byggður á þeim grundvelli að velja þau lönd þar sem sérstaklega er skarað fram úr á viðkomandi sviði. Við njótum þess Íslendingar að bæði Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna og sjávarútvegsskólinn fá að starfa hér á Íslandi við góðan orðstír og hafa skilað miklum árangri. Fyrir tæpum tveimur árum efndi the Economist, sem er eins og við vitum öll fremst vikurita á sviði efnahagsmála og alþjóðamála í veröldinni, til heimsráðstefnu um framtíð hafanna. Í fyrsta sinn skipti sem þetta virta tímarit telur nauðsyn að taka til umfjöllunar hvernig nýting auðlinda hafsins getur orðið á árangursríkan hátt. Forseta Íslands var boðið að flytja setningarræðuna á þessum alþjóða vettvangi sem saman saman kom í Singapore. Ég segi forseta Íslands frekar en mér vegna þess að augljóst var, með allri virðingu fyrir sjálfum mér

og að ég get svona sæmilega klórað mig fram úr því að halda ræðu á alþjóðlegum vettvangi, þá var ekki verið að bjóða mér sem slíkum í þetta heiðursæti við opnun þessarar ráðstefnu. Heldur verið að viðurkenna þann árangur og þá reynslu og framlag sem merkt er Íslandi á alþjóða vettvangi, þegar menn koma saman til þess að ræða sjávarútveg, framtíð hafanna og á hvern hátt mannkynið getur tryggt að þessar auðlindir verði áfram til ráðstöfunar.

Það er merkileg þversögn í því fólgin að á sama tíma og alþjóða samfélagið lítur með aðdáun til árangurs Íslendinga á sviði sjávarútvegs, erum við hér heima upptekin við það, nánast alfarið, að efna til deilna, átaka, tortryggni, sundrungar og gagnrýni um þennan sama vettvang. Hefur alþjóða samfélagið rangt fyrir sér? Er það óheilla för sem Kofi Annan er að leggja upp í með hina miklu álfu Afríku með að leita til forystumanns á vettvangi íslensks sjávarútvegs, vísindamanns sem stýrt hefur auðlindanýtingunni um ára raðir. Var það röng ákvörðun hjá Sameinuðu þjóðunum að ákveða að sjávarútvegsmenntun fólks vítt og breytt frá Afríku, Asíu, Suður-Ameríku og annars staðar væri sótt til Íslands. Var það rangt hjá the Economist að merkja Íslandi við upphaf alþjóðþings um framtíð hafanna þá stefnu sem tímaritið vildi sérstaklega varpa ljósi á. Eða er kannski eitthvað að hjá okkur sjálfum. Er ekki kominn tími til þess að við tökum öll höndum saman sem störfum bæði á vettvangi kjörinnar ábyrgðarstöðu í landinu eða á vettvangi atvinnulífs, sjávarútvegs, rannsókna og fjölmiðla og veltum því fyrir okkur hvort einmett sú uppsöfnuð reynsla, þekking og árangur sem Íslendingar hafa náð á vettvangi sjávarútvegs sé eitt af því helsta sem við getum með jákvæðum hætti lagt alþjóða samfélaginu til. Með nákvæmlega sama hætti og allra síðustu ár hefur okkur tekist að miðla þekkingu okkar í nýtingu hreinnar orku, sérstaklega jarðhita, á þann veg, að nú nánast á hverju misseri eru teknar ákvarðanir í Kína, Filippseyjum, Austur-Afríku og Evrópu um nýtingu þessarar miklu orkulindar í krafti þeirra þekkingar, sem íslensk verkfræðifyrirtæki og orkufyrirtæki og íslenskt samfélag hefur aflað sér á undanföllum áratugum.

Fyrir fáeinum vikum var tilkynnt um ákvörðun í Eþíópíu að reisa stærstu jarðhitavirkjun álfunnar, Afríku, að íslenskum aðferðum. Eftir fáeina daga er væntanlegur til landsins einn af forystumönnum Kína til þess að undirrita enn einn samninginn um byggingu hitaveitna í Kínverskum borgum svo hægt sé að loka kolaverunum og taka upp hitaveitu á þeim grundvelli sem við þekkjum hér Íslendingar. Jarðboranir eru nú starfandi á Filippseyjum, í Ungverjalandi er verið að leggja hitaveitu og þannig mætti lengi telja. Sem betur fer, þrátt fyrir ágreining okkur um virkjanir og orkumál, erum við sem þjóð stolt af því að getum á grundvelli hreinnar orku lagt þetta að mörkum til alþjóða samfélagsins.

Við þurfum öll að leita leiða sem fyrst til að við getum með sama hætti náð þeim árangri að þrátt fyrir ágreining um skipulag veiða og vinnslu sem sjálfsagt verður ætíð til staðar, öðlumst við sem þjóð slíkan skilning og þekkingu og stolt gagnvart sjávarútveginum að við áttum okkur á því að í honum felst einhver mesti árangur Íslendinga sem þjóðar. Árangur sjómanna, fiskvinnslu fólksins, útgerðarmanna, vísindamanna, verkfræðinganna, sölumanna og allra þeirra sem komið hafa að þessu mikla verki.

Það er erfitt að gera sér í hugarlund hvernig ástandið var hjá hinu unga lýðveldi á fyrstu 10, 15, 20, 30 árum frá hinum mikla fundi áþingvöllum 1944, þegar erlendir flotar fiskuðu hér nánast uppi í fjöruborði eins og hægt var bæði fyrir Austfjörðum og Vestfjörðum að sjá mátti fyrir utan á góðum degi. Þegar forystumenn þjóðarinnar dirfðust fáeinum árum eftir stofnun lýðveldisins að færa landhelgina út, þó ekki væri nema í 4 mílur, þá var sett á okkur n af einu helsta ríki Evrópu. Við þekkjum öll söguna um átökin, 12 mílurnar, 50 mílurnar, 200 mílurnar. Ég hef sannfærst um það á undanföllum árum að ef ekki hefði verið fyrir sjávarútveginn og útfærslu landhelginnar, hefði efnahagsgrundvöllur hins unga lýðveldis hrunið á fyrstu tveimur áratugum lýðveldisins eða svo. Auðvitað get ég ekki sannað þá fullyrðingu en við höfðum nánast ekkert annað selja heiminum en fiskinn. Við þurftum að flytja inn allt sem við þurftum til að byggja upp nútíma þjóðfélag á Íslandi, sementið, timbrið,

járnið, lyfin og þekkinguna, kosta ungt fólk til að fara út heim og stunda nám. Hvar sem komið var að óskum Íslendinga um framfarir kostaði það gjaldeyri. Sjávarútvegurinn var sú atvinnugrein sem gerði þjóðinni kleift á fáeinum áratugum að ná í fremstu röð. Svo byggðum við upp fyrirtæki til að selja afurðirnar nánast í öllum heimsálfum, við þróuðum vísindastofnanir sem tryggðu okkur að við gætum á sjálfbæran hátt skipulagt veiðarnar þannig að við gengjum ekki á fiskistofnana. Við stofnuðum tæknifyrirtæki sem hafa sprottið frá því að vera í upphafi vettvangur þar sem glímt var við eina lausn og ná þeim árangri að vera nú stærstu fyrirtæki á sínu sviði í veröldinni og miðla ekki aðeins framleiðendum á sjávarfangi heldur líka kjötframeiðendum af þeirri reynslu og þeirri tækni. Fyrir 30 árum eða svo vorum við líkt og aðrar þjóðir þannig stödd í nýtingu sjávarafla að við nýttum um 50% af því sem kom á land og hentum hinu í hafið aftur. Svo fórum við að þurrka þorskhausa og hryggi og gera okkur mat úr þessum þætti eins og við þekkjum öll og flytja til Afríku með góðum árangri þannig að allir höfðu sitt af hagnaði og árangri af þeirri miklu keðju allt frá sjómönnum við Íslandsstrendur til kvennanna sem sitja á básunum á moldargötunum í Nígeríu og selja þorskhausana og hryggina.

Nýlega var opnaður enn einn áfanginn sem nýtir það sem eftir var. Innyflin og annað á þann hátt að nú getum við með sannri sagt að Íslendingum hafi tekist að þróa tækni og lausnir til að gera það kleift að við fyrstir þjóða í veröldinni nýtum um það bil 98 til 99% af því sem kemur á land.

Það er mikið um það rætt á alþjóðlegum vettvangi að ef þjóðir heims halda áfram að sækja úthöfin með þeim hætti sem gert hefur verið muni ekki líða nema 40 eða 50 ár, það er skemmri tími en síðan við fluttum út landhelgina í 12 mílu, þangað til þorri fiskistofna í úthöfum heimsins verður til þurrðar genginn og risamarglyttur og aðrar frumstæðar verur hafanna munu þar taka yfir. Æ meiri þungi er lagður á það af þjóðum heims að finna leiðir til að takmarka sóknina og tryggja þá sjálfbæra nýtingu byggða á vísindalegum grundvelli og skynsamlegri skipulagningu veiða og vinnslu á þann hátt sem við Íslendingar höfum gert. Hin hliðin á þessum peningi er að nýta svo það, sem á land kemur og gera það á þann hátt að allir hafi sitt og það verði grundvöllur framfara.

Þessi saga öll frá upphafsárum Lýðveldisins til dagsins í dag er í reynd saga um svo glæsilegan og einstæðan árangur lítillar þjóðar við ysta haf, að nú sækir alþjóða samfélagið, eins og ég nefndi í upphafi, með vaxandi þunga í þennan reynslusjóð. Þá er líka áriðandi að þessi litla þjóð slíti ekki sjálfa sig í sundur með áframhaldandi átökum, tortryggni og gagnrýni, og stundum ofsa í garð sjávarútvegsins. Viðfangsefni okkar allra að mínum dómi, erindi mitt til ykkar hér í dag, er að hvetja til þess að við finnum öll í sameiningu, hvort sem það eru kjörnir fulltrúar, forystufólk í sjávarútvegi, þeir sem stjórna fyrirtækjunum eða samtök sjómanna, tæknisamfélagið eða fjölmiðlarnir, finnum öll leiðir til þess að íslensk þjóð geti með réttu orðið eins stolt af árangri sínum og okkar allra og þeirra sem komu á undan okkur í sjávarútveginum eins og við erum af nýtingu hreinnar orku og af bókmenntunum, menningu og listum. Við höfum svo sannarlega efnivið til þess.

Það er að mínu dómi verkefni dagsins í íslenskum sjávarútvegi. Að skapa ekki aðeins þá sátt og samstöðu, heldur það þjóðarstolt og þá þjóðarvitund um þetta merka starf og þennan einstaka feril og mikilvæga framlag okkar til heimsbyggðarinnar allrar, sem svo sannarlega felst í íslenskum sjávarútvegi. Þetta er umræða um það hvort við skiljum sem þjóð hvað við höfum vel gert og af hverju við getum verið stolt.“

Meðfylgjandi mynd var tekin við setningu ráðstefnunnar í morgun. Kristján Hjaltason er í ræðupóliti. Þá eru á myndinni frá vinstri Inga Jóna friðgeirsdóttir, fundarstjóri, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Sigurður Jóhannsson, ráðherra sjávarútvegsmála, Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans og Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri Icelandic Group.

Ljósmynd Hjörtur Gíslason

